

23. fundur skólanefndar MK

Mættir:	Flosi Eiríksson, Margrét Friðriksdóttir skólameistari, Anna María Bjarnadóttir, Guðlaugur Þór Ingvarsson fulltrúi nemenda, Kristín Laufey Guðjónsdóttir fulltrúi foreldra, Halldóra Guðmundsdóttir, Gerður Bjarnadóttir fulltrúi kennara, Þóra Elfa Björnsson, Arnþór Sigurðsson.
Forfallaðir:	Kolbeinn Óttarsson Proppé hefur vikið úr nefndinni vegna annarra starfa.
Staður:	Skrifstofa MK
Tími:	Kl. 12:00-13:00
Dags.:	14. mars 2017

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	Flosi Eiríksson formaður setti fundinn	FE	
1.	Ný skólanámskrá	MF	30 mín
	Ný skólanámskrá var kynnt en hún er ekki lengur gefin út nema á rafrænu formi. Námskráin hefur verið lengi í vinnslu sökum þeirra breytinga sem eru að eiga sér stað á skólastarfinu.		

	<p>Skólameistari fór yfir einstaka þætti námskrárinnar og svaraði spurningum skólanefndarmanna.</p> <p>Skólanefnd staðfesti námskrána.</p>		
2.	Ársskýrsla MK 2016	MF	30 mín
	<p>Ársskýrsla hafði verið send nefndarmönnum með fundarboði og var síðan afhent á útprentuðu formi á fundinum.</p> <p>Skólameistari fór yfir ársskýrsluna og einstaka kaflar hennar voru ræddir sérstaklega.</p> <p>Ársreikningur sem birtur er í ársskýrslu byggir á bókhaldi skólans en hefur ekki verið gefinn út af Fjársýslu ríkisins.</p> <p>Skólanefndarmenn lýstu yfir ánægju með ársskýrsluna og töldu hana mjög upplýsandi um skólastarfið á árinu 2016.</p>		
3.	Önnur mál		
a.	Formaður spurði hvernig gengi með kennslu í kjötiðnaðarnámi og skólameistari fór yfir skipulag þess en námið er í 10 lotum og eru 8 nemar sem stunda það.		
b.	Formaður nemendafélags greindi frá því að leikfélagið hefði frumsýnt leikritið Hrói höttur 10. mars og sýningar stæðu yfir. Hann hvatti skólanefndarmann til að mæta.		
c.	Formaður skólanefndar greindi að lokum frá því að þetta væri að öllum líkindum síðasti fundur þessarar skólanefndar þar sem skipunartíminn rann út 4. mars sl. Ekki væri þó búið að skipa nýja nefnd. Formaður þakkaði öllum nefndarmönnum fyrir ánægjulegt samstarf og mikla og góða samvinnu.		

Skólameistari þakkaði jafnframt formanni og skólanefndarmönnum fyrir gott samstarf, ánægjuleg kynni og mikinn stuðning í málefnum Menntaskólans í Kópavogi. Nefndarmenn þökkuðu samstarfið.		
---	--	--

Uppfært þriðjudagur, 20 júní 2017 17:45